

**Sp.**

**657. Breytingartillaga**

[11. mál]

við brtt. á þskj. 643 [Mat heimilisstarfa til starfsreynslu].

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Seljan.

Fyrri mgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Því felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf vegna barnauppeldis, umönnunar, matargerðar, þvotta, ræstinga o.þ.h. á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum við ákvörðun starfsaldurshækkana starfsmanna.